


Sögueyjan – the Iland of the Sagas

Social studies in grade 7

Vocabulary list and extraction from kafli 4 / Culture and education

íslenska	enska	Native language
bókmenntir	literature	
menntun	education	
fortíð	past	
þjóð	nation	
fornrit	Ancient text, writings, sagas	
læs	literate	
upplýsingastefna	Enlightening policy	
gersemi	treasure	
handrit	manuscript	
dómadagur	Doomsday / judgement day	
vísindi	science	
menningarstarf	Cultural activities	
prentsmiðja	Printing machine	
sálmabók	Psalm-book / hymn-book	
passíusálmar	Passion hymns	
húslestrarbók	Book of family sermons	
postilla	Book of sermons	
Svarti dauði	Black death (a disease)	
Crymogæa	The name of Iceland in greek	
varðveisla	protection	
bújörð	farm	
mannatal	census	
Arfleiða (so)	leave	
framfarir	progress	
skynsemi	Common sense	
fáfræði	ignorance	
strjálbýli	rural	
þéttbýli	urban	
rökhugsun	Logical thinking	
ræktun	Growth, breeding	
bændur	farmers	



Kafli 4: Helstu áherslur:

Á 16. öld fengu Íslendingar meiri áhuga á því að skrifa niður gamlar sögur þjóðarinnar. Aðrar þjóðir höfðu líka áhuga á að eignast íslensk skinnhandrit, t.d. Danir og Svíar. Mörg handrit voru flutt úr landi og flest þeirra enduðu í Kaupmannahöfn. Árið 1728 varð mikill bruni í Kaupmannahöfn og mörg hús brunnu. Í einu húsinu bjó maður sem hét Árni Magnússon en hann hafði verið mjög duglegur að safna gömlum handritum. Hann flýtti sér eins og hann gat að bera bækurnar út og honum tókst að bjarga flestum bókunum en sumar brunnu í eldinum.

Einu skólar landsins voru á Hólum og í Skálholti og biskuparnir stjórnðu skólunum. Kirkjan átti líka einu prentsmiðju landsins og þess vegna var áhersla á að prenta bækur um kristna trú og sálmaþækur. Hallgrímur Pétursson (1614-1674) var prestur og hann orti marga fallega sálma. Hann var mesta sálmaskáld Íslendinga og sálmar hans eru mikilvægur hluti íslenskrar bókmenntasögu. Enn í dag eru Passíusálmarnir lesnir í útvarpinu fyrir hverja páska til að minnast píslargöngu Jesú kristis.

Arngrímur lærði skrifaði sögu Íslands á latínu árið 1609 og kallaði hana Crymogæu. Hann vildi sýna útlendingum að Íslendingar ættu sér merka sögu. Bók Arngríms hafði mikil áhrif hjá menntamönnum á Norðurlöndum og þeir fengu mikinn áhuga á að safna íslenskum handritum.

Árni Magnússon, prófessor í Kaupmannahöfn, er þekktur fyrir að hafa safnað íslenskum handritum sem hann ætlaði að varðveita og rannsaka í Kaupmannahöfn. Árni arfleiddi Kaupmannahafnarháskóla að handritunum. Danir skiluðu Íslendingum stórum hluta þeirra til baka árið 1971.

Árni ferðaðist líka um landið með Páli Vídalín. Þeir skráðu allar bújarðir og gerðu fyrsta manntal á Íslandi árið 1703.

Árið 1741 var danski presturinn Ludvig Harboe sendur til Íslands til að kanna menntunarástand Íslendinga. Hann fann út að aðeins um helmingur þjóðarinnar var læs. Eftir það var ákveðið að allir húsbændur ættu að passa að öll börn lærðu að lesa og gætu lesið biblíusögur. Prestar áttu að heimsækja öll heimili og fylgjast með kunnáttu barna. Flest börn lærði heima hjá sér, alveg fram á 20. öld. Það var vegna þess að landið var strjálbýlt og fátækt. Synir efnaðra bænda fóru í Latínuskóla að Hólum eða í Skálholti. Eftir nám þar fóru sumir í háskóla til Kaupmannahafnar. Á þessum tíma kom ekki til álita að stelpur færu í langskólanám.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið í 6 ár og söfnuðu fróðleik um náttúru Íslands og gerðu ýmsar rannsóknir á henni. Eftir það var farið að prenta ýmsar aðrar bækur, t.d. um ræktun, matreiðslu, heilbrigðismál o.fl. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal var fyrstu til að rækta kartöflu á Íslandi um miðja 18. öld.

Chapter 4: Main emphases

In the 16th century, Icelanders became more interested in writing down the old sagas of their nation. Other nations of Scandinavia also showed interest in having this old sagas of Iceland, especially Danes and Swedes. Many manuscripts were exported and most of them ended up in Copenhagen. The year 1728, a great fire broke out in Copenhagen and many houses burned to the ground. Árni Magnússon, who lived in one of those houses, had great difficulty, when trying to save all the old sagas he had collected and brought from Iceland to Copenhagen. Fortunately, he managed to save most of them, but some scripts were lost in the fire.

The only schools in Iceland were in Skálholt and Hólar and the bishops there were also responsible for the schools. The only printing machine in Iceland, was also owned by the church and that's also one reason for printing mostly books of sermons and psalm/hymns-books. Hallgrímur Pétursson (1614-1674) was a priest, who composed many beautiful psalms. He was Iceland's greatest psalmist and his hymns are an important part of Icelandic literary history. Still today, the passion-psalms are read on the radio before Easter, to commemorate Jesus Christ's martyrdom.

Arngrímur lærði – or „the educated Arngrímur“ – wrote the history of Iceland in Latin, in 1609 and named it Crymogæa, which is the name of Iceland in Greek. He wanted to prove to other nations that Iceland had a significant and remarkable history. Crymogæa had a great influence among educated Scandinavians and increased their interest in collecting old, Icelandic manuscripts.

Árni Magnússon, who was a professor in Copenhagen, is known for collecting Icelandic manuscripts, which he intended to preserve and inspect further, in Copenhagen. Before his death, Árni left the old scripts to the University of Copenhagen. In the year 1971, the Danish brought most of the old Icelandic sagas, back to Iceland.

Árni travelled also around the country with Bjarni Pálsson due to a project they had, registering all farms in the country. They also made the first census in Iceland, the year 1703.

In 1741, the Danish priest Ludvig Harboe, was sent to Iceland to explore Icelanders' educational situation. He found out, that only half of the population was literate. After that, it was decided that all farmers, should be responsible for literacy of all children living in their homes. Priests had the duty to visit all homes and pursue the knowledge of all kids. Most children learned in their homes, until the beginning of the 20th century, due to the rural and poverty of the country. Sons of richer farmers went to the „Latin school“ at Hólar or in Skálholt. After that some of them sailed to Copenhagen to study at the University. At that time, it was not taken into consideration, that girls wanted to go to school or have higher education.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson travelled around the country to gather various information about the land and its wildlife. Soon other things began to change; Not only hymns and religious texts were printed, but also different texts which could be a part of educating and informing people, e.g. about agriculture, cooking, sanitary and kids upbringing.

Hvað var mest prentað í prentsmiðjum á Íslandi á 17. öld?

Hverjir áttu prentsmiðjuna og réðu því hvað var prentað?

Hvar voru skólar á Íslandi á 17. öld?

Hvaða maður var mjög duglegur að safna gömlum, íslenskum handritum?

Hvað kom fyrir í Kaupmannahöfn árið 1728?

Hvað er gert þegar það er tekið **manntal** (sensus)?

Íslendingar og Danir eru vinabjóðir. Hvað gerðu Danir fyrir Íslendinga árið 1971?

Hvað þýðir orðið Crymogæa og á hvaða tungumáli er það?

Allir voru sammála um að fólk á Íslandi þyrfti að læra meira. Um hvað voru bækurnar sem þá var farið að prenta?

